

## Afhendingarskjal – Inneignarkort á gámasvæðið Seyðishólum

Grímsnes- og Grafningshreppur afhendir öllum fasteignaeigendum sem greiða gjald vegna reksturs gámasstöðvar inneignarkort sem nota má á gámasvæðinu á Seyðishólum.

Inneignin á kortinu árið 2024 er:

- Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli: 4,5 m<sup>3</sup> = 18 punktar
- Íbúðarhús og lögbýli: 10 m<sup>3</sup> = 40 punktar
- Fyrirtæki: 4,5 m<sup>3</sup> = 18 punktar

Kortið inniheldur punkta og er lágmarksnotkun á gámasvæði einn punktur sem samsvarar 0,25 m<sup>3</sup>. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs. Kortið er hugsað sem framtíðareign korthafa og mun inneignarstaða verða uppfærð hver áramót.

### Eftirfarandi skilmálar gilda um kortin:

- Kortin afhendast öllum þeim fasteignaeigendum sem greiða sorpeyðingargjald
- Sveitarstjórn ákveður inneign (magn gjaldskylds úrgangs) hvert ár.
- Inneignir færast ekki milli ára.
- Inneign er uppfærð um áramót ár hvert.
- Glötuð kort skal tilkynna til skrifstofu sveitarfélagsins.
- Finnist kort skal koma því á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eitt kort er gefið út á hvert fasteignanúmer sem greiðir gjald vegna reksturs gámasstöðvar. Ef fasteign hefur fleiri en einn skráðan eiganda er ekki hægt að fá fleiri kort.
- Hægt er að fá nýtt kort ef kort glatast gegn 5.000 kr. gjaldi.
- Kort skal fylgja fasteign og afhendast nýjum eigendum við eigendaskipti.
- Ef kort eru sótt af þriðja aðila skal ritað umboð fylgja frá eiganda þegar kortið er sótt.

Skilmálar geta breyst eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Uppfærðir skilmálar verða birtir á heimasíðu sveitarfélagsins [www.gogg.is](http://www.gogg.is).

Heimilisfang / staðsetning frístundahúss:	
Fasteignanúmer:	
Kennitala viðtakanda:	
Netfang viðtakanda:	
Símanúmer viðtakanda:	

Viltu vera á póstlista hjá sveitarfélaginu vegna upplýsingagjafar?

Já

Nei

Dagsetning

Undirskrift viðtakanda